

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 23. nóvember 2005.

Efni: Frv. til I. um br. á ákv. sem varða bensín- og olíugjald (30. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpið felur það í sér að bensín- og olíugjald lækki um 4 kr. frá 1. nóvember 2005 út mars 2006.

Viðskiptaráð fagnar öllum hugmyndum sem fela í sér skattalækkunir. Einkum er þarft að lækka og fella niður sértæka skatta sem ætlað er að stýra neyslu landsmanna. Slíkir skattar eru einnig illa til þess fallnir að ná markmiði skattkerfisins, þ.e. að afla ríkinu tekna. Viðskiptaráð sér hinsvegar enga ástæðu til þess að lækkunin verði tímabundin.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga með þeirri breytingu að það verði ekki tímabundið.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson